



HVERAGERÐISBÆR

Reglur um innritun og gjöld í leikskólum Hveragerðisbæjar

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Hveragerðisbæjar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólum bæjarins. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum nr. 76/2003.

2. gr.

Leikskólar Hveragerðisbæjar.

Hveragerðisbær starfrækir leikskóla fyrir börn frá 12 mánaða aldri og til 6 ára aldurs skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólavist barna hefst að jafnaði eftir sumarfrí leikskólans í ágúst.

Leikskólarnir eru opnir frá 7:45-16:30. Dvalartími barns er skipulagður í samráði við leikskólastjóra og foreldra. Heimilt er að semja um stundarfjórðung, hálf tíma á undan eða eftir umsömdum vistunartíma. Greitt er aukalega fyrir korter/hálf tíma sem falla utan tímabilsins 8:00 – 16:00 skv. gjaldskrá. Dvalartími barns skal vera að lágmarki 4 klst. á dag.

Leikskólar Hveragerðisbæjar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna skipulagsdaga. Leikskólar eru lokaðir á aðfangadag og gamlársdag. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessara lokana.

Leikskólar Hveragerðis geta þurft að loka deildum eða senda börn heim vegna faliðunar og er faaraið eftir faliðunaráæltun leikskólanna.

3. gr.

Umsókn um leikskóladvöl og úthlutun á leikskólaplássi.

Umsóknaeyðublöð er hægt að nálgast á íbúagátt á heimasíðu Hveragerðisbæjar. Upplýsingar um mögulegan vistunartíma og gjaldskrá leikskólanna á hverjum tíma eru birt á heimasíðu Hveragerðis.

Foreldrar og forráðamenn sem hafa lögheimili í Hveragerði geta sótt um leikskólapláss. Ef foreldrar hyggjast flytja í sveitarfélagið geta þeir sótt um leikskóladvöl en barn fær ekki úthlutað leikskólaplássi fyrr en lögheimili hefur verið flutt og skulu foreldrar tilkynna sérstaklega um lögheimilisflutning til bæjarskrifstofu.

Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð og raðast þau á biðlista eftir fæðingardegi og ári.

Úthlutun leikskólaplássanna fer einkum fram í maí- júní ár hvert. Þeir foreldrar sem óska eftir leikskólavist frá ágúst ár hvert þurfa að sækja um fyrir 1. apríl sama ár. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst.



HVERAGERÐISBÆR

4. gr.

Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitafélags.

Fjölskyldur sem eiga lögheimili annars staðar á Íslandi en dvelja tímabundið af sérstökum ástæðum í Hveragerði geta sótt um leikskólapláss í leikskólum Hveragerðis. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Hveragerði hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Hveragerðisbæjar og þarf staðfesting lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu að fylgja með umsókn.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð á kerfiskennitöluskrá í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss í Hveragerði. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Hveragerði skv. skilgreiningu laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018, og að gera megri ráð fyrir að lögheimili, þegar það er fengið, verði í Hveragerði. Beiðni um leikskólapláss skal senda á netfangið ritari@hveragerdi.is. Farið er fram á staðfestingu á búsetu í Hveragerði með eftirfarandi gögnum:

- Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingum, sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Hveragerði.
- Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og hafa sótt um dvalarleyfi á Íslandi, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með búsetu í Hveragerði.
- Umsækjandi um alþjóðlega vernd skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þarf að leggja fram skráningarskrirteini umsækjanda um alþjóðlega vernd sem Útlendingastofnun gefur út og þarf Vinnumálastofnun að hafa gert samning við Hveragerðisbæ um að útvega húsnæði og grunnþjónustu fyrir umsækjanda um alþjóðlega vernd.
- Flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Hveragerðisbæ þurfa að leggja fram staðfestingu þess efnis.

5. gr.

Forgangs röðun barna í leikskólum Hveragerðisbæjar.

Sækja má um forgang að leikskólum Hveragerðisbæjar. Rétt á forgangi á leikskólaplássi hjá leikskólum Hveragerðisbæjar hafa eftirfarandi:

- Börn með fötlun og skal þá greining á fötlun viðkomandi vera fyrirbyggjandi.
- Börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati velferðarsviðs Hveragerðisbæjar.
- Leikskólakennarar og aðrir starfsmenn leikskólanna geta sótt um forgang fyrir barn sitt á leikskóla bæjarins að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru um leikskóladvöl í bæjarfélaginu. Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns þarf að styðja umsóknina og færa rök fyrir nauðsyn forgangs.

Börn á forgangslista raðast eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Leikskóladvöl barns á forgangslista hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.



HVERAGERÐISBÆR

6. gr.

Breyting á vistunartíma og flutningur á milli leikskóla.

Beiðni er varðar verulega breytingu á vistunartíma fyrir barn sem þegar er með leikskólapláss í leikskólum Hveragerðisbæjar skal berast leikskólastjóra og skal breytingin taka gildi 1. eða 15. dag hvers mánaðar. Beiðni um flutning á milli leikskóla innan Hveragerðisbæjar skal berast leikskólastjóra í þeim leikskóla sem barnið er með leikskólapláss. Ef foreldrar óska eftir flutningi milli leikskóla innan Hveragerðisbæjar eftir að leikskólaganga hefst skal miða við að barn hefji dvöl á nýjum leikskóla eftir sumarleyfi ár hvert.

7. gr.

Uppsögn á leikskólaplássi.

Gagnvirkur uppsagnarfrestur á leikskólaplássi er 1 mánuður. Uppsögn skal berast fyrir 15. hvers mánaðar og taka þá gildi frá næstu mánaðarmótum. Uppsögn skal í öllum tilvikum vera skrifleg og berast leikskólastjóra.

8. gr.

Gjaldskrá og afslættir af leikskólagjöldum.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar ákveður gjaldskrá leikskóla. Breytingar eru að jafnaði gerðar einu sinni á ári um leið og fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar er samþykkt.

Afsláttur af leikskólagjaldi, ekki af fæðisgjaldi, er veittur eftirfarandi:

- Systkinum, sbr. 3. mgr.
- Einstæðum foreldrum, sbr. 4. mgr.
- Námsmönnum, sbr. 5. mgr.
- Elsta árgangi leikskólabarna, sbr. 6. mgr.

Systkinaafsláttur gildir á milli dagmæðra, leikskóla og skólasels og er hann eftirfarandi:

- Yngsta barn greiðir fullt verð.
- Næsta systkini fær 30% afslátt.
- Þriðja systkini fær 100% afslátt og öll systkini eftir það.

Einstæðir foreldrar fá 30% afslátt af leikskólagjöldum. Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

Námsmenn í fullu námi fá 15% afslátt. Séu báðir foreldrar í námi er veittur 30% afsláttur. Til að fá námsmannaafslátt þurfa námsmenn að vera í fullu háskólanámi (30 ECTS einingar) eða að stunda nám í framhaldsskóla að lágmarki 17 einingar á önn, í dagskóla. Staðfestingu á námi skal skila til leikskólastjóra fyrir 15. dag mánaðar eigi afsláttur að taka gildi frá og með næsta mánuði þar á eftir.

Elsti árgangur leikskólabarna fær afslátt sem nemur fjórum stundum á dag.



HVERAGERÐISBÆR

12. gr.

Fjarvistir.

Enginn afsláttur er veittur af leikskólagjöldum þótt börn séu fjarverandi um tíma nema um langvarandi fjarveru vegna alvarlegra veikinda sé að ræða (4 vikur eða meira) og skal þá veikindavottorð berast leikskólastjóra. Veittur er afsláttur af fæðisgjaldi ef óskað er eftir leyfi fyrir barnið í 4 vikur eða meira samfellt. Beiðni um slíkan afslátt skal berast leikskólastjóra. Ef félagslegar aðstæður valda langvinnum fjarvistum er heimilt að fella niður leikskólagjöld að höfðu samráði við velferðarsvið Hveragerðisbæjar.

13. gr.

Vanskil á greiðslu leikskólagjalda.

Verði vanskil á greiðslu leikskólagjalda lengur en í þrjá mánuði skal leikskólastjóri eða innheimtufulltrúi sveitafélagsins upplýsa foreldra um að vanskil geti leitt til þess að barnið missi leikskólapláss verði ekki þegar í stað gripið til úrbóta.

14. gr.

Kæruheimildir.

Leikskólar Hveragerðis starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Um kærurétt vegna ákvarðana Hveragerðisbæjar fer samkvæmt 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Aðila máls er heimilt að kæra til innviðaráðuneytis ákvarðanir Hveragerðisbæjar um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg. Um kæruleiðbeiningar, kærufrest og meðferð kærumáls fer að öðru leyti að ákvæðum stjórnisýslulaga.

Samþykkt á 3. fundi skólanefndar þann 9. apríl 2024.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 8. maí 2024.

Reglur þessar taka gildi 1. júní 2024.

Pétur G. Markan, bæjarstjóri Hveragerðis